



Borgarráð  
Ráðhús Reykjavíkur  
Tjarnargata 11  
Reykjavík

***Tillaga, dags. 18. janúar 2017, um tilraunaverkefnið: „Sveigjanleiki í þjónustu - frá barni til fullorðins“.***

Á fundi velferðarráðs þann 2. febrúar var lögð fram tillaga, dags. 18. janúar 2017, um tilraunaverkefnið: „Sveigjanleiki í þjónustu - frá barni til fullorðins“.

Lagt er til að velferðarráð samþykki að sett verði á fót tilraunaverkefni til þriggja ára á grundvelli 4. liðar aðgerðaáætlunar með stefnu Reykjavíkurborgar um þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum á tímabilinu 2013-2024; „Sveigjanleiki – frá barni til fullorðins“. Lagt er til að samhliða verði samþykkt drög að reglum um tilraunaverkefnið „Sveigjanleiki í þjónustu – frá barni til fullorðins“.

Samþykkt samhljóða með áorðnum breytingum.

Velferðarráð samþykkir eftirfarandi bókun:

Velferðarráð fagnar þeim skrefum sem tekin eru í átt að sveigjanlegri þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum. Þau verkefni sem voru til umfjöllunar á fundi í dag þ.e. tilraunaverkefnið “frá barni til fullorðins” og tillaga um Liðsaukann eru sannarlega skref í þá átt og í samræmi við stefnumótun Reykjavíkur í þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum.

Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram eftirfarandi bókun:

Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina samþykkir umrætt tilraunaverkefni „Sveigjanleiki í þjónustu – frá barni til fullorðins“ í ljósi þess að nú eru 14 einstaklingar í bið eftir sértæku búsetuúrræði og brýnt að létta á þeim biðlista og koma til móts við þjónustuþega og foreldra þeirra. Þetta verkefni mun gera það unnt að veita viðkomandi einstaklingum sólarhringsþjónustu meðan þeir búa enn í foreldrahúsum. Einnig er verkefnið liður í að auka sveigjanleika þjónustunnar við fatlað fólk og í því að viðurkenna ólíkar þarfir notenda ásamt því laga þjónustukerfi borgarinnar að mismunandi aðstæðum fólks.

Áætlaður kostnaður vegna verkefnisins er allt að 200. mkr. á ári. Fjárveiting til sviðsins mun byggja á grunni þess aukakostnaðar sem til fellur vegna þjónustu í hverju tilviki fyrir sig.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar óskar eftir því að skrifstofa borgarstjórnar annist birtingu framangreindra reglna í B-deild Stjórnartíðinda.

Þetta er hér með sent ykkur til staðfestingar.

Virðingarfullst,

Ellý Alda Þorsteinsdóttir  
skrifstofustjóri



Reykjavíkurborg  
Velferðarsvið

Dagsetning: 18.1.2017  
Skrifstofa: Þjónustan heim/Lögfræðiskrifstofa  
Unnið af: Sigurbjörg Fjölnisdóttir/Helga Jóna  
Benediktsdóttir  
Ábyrgð: Berglind Magnúsdóttir/Helga Jóna  
Benediktsdóttir  
GoPro: 2017010027

Lagt fyrir velferðarráð 2. febrúar 2017

## Tillaga

um að setja á fót tilraunaverkefnið

„*Sveigjanleiki í þjónustu – frá barni til fullorðins*“

á grunni aðgerðaáætlunar með stefnu Reykjavíkurborgar í þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum 2013-2024

### Tillaga:

Lagt er til að velferðarráð samþykki að sett verði á fót tilraunaverkefni til þriggja ára á grundvelli 4. liðar aðgerðaáætlunar með stefnu Reykjavíkurborgar um þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum á tímabilinu 2013-2024; „*Sveigjanleiki – frá barni til fullorðins*“. Lagt er til að samhliða verði samþykkt drög að reglum um tilraunaverkefnið „*Sveigjanleiki í þjónustu – frá barni til fullorðins*“.

### Forsaga:

Í aðgerðaáætlun með stefnu Reykjavíkurborgar um þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum á tímabilinu 2013-2023 er m.a. fjallað um sveigjanleika í þjónustu. Þar er gert ráð fyrir að skoðaðir verði möguleikar á auknum sveigjanleika í þjónustutilboðum við upphaf fullorðinsára fatlaðra barna sem hafa þörf fyrir þjónustu allan sólarhringinn. Með því að setja verkefnið á laggirnar væri unnt að bjóða viðkomandi einstaklingum upp á sólarhringsþjónustu meðan þeir búa enn í foreldrahúsum. Í aðgerðaráætluninni kemur eftirfarandi fram:

#### *Sveigjanleiki:*

*Rökstuðningur:* Ólikar þarfir notenda hafa í för með sér að laga þarf þjónustukerfið að mismunandi aðstæðum fólks. Raða má saman mismunandi þjónustuleiðum sem henta ólikum notendum. Þannig er komið til móts við þjónustuþarfir hvers og eins með það að markmiði að byggja upp þjónustu sem

virkar. Skoða þarf möguleika á auknum sveigjanleika í þjónustutilboðum við upphaf fullorðinsára fatlaðra barna í sólarhringsþjónustuþörf.

**Aðgerðir:** Skoðaðir verði möguleikar á auknum sveigjanleika í þjónustutilboðum við upphaf fullorðinsára fatlaðra barna sem hafa þörf fyrir þjónustu allan sólarhringinn.

Á fundi velferðarráðs 12. janúar 2017 var eftirfarandi bókun lögð fram:

„Í aðgerðaáætlun með stefnu Reykjavíkurborgar um þjónustu við fatlað fólk á heimilinum sínum 2013-2024 er mikilvægi sveigjanleika í þjónustu við fatlað fólk ávarað. Mikilvægt er að viðurkenna ólikar þarfir notenda og laga þjónustukerfi borgarinnar að mismunandi aðstæðum fólks. Velferðarráð felur velferðarsviði að útféra tillögu að tilraunaverkefni í samræmi við aðgerðaáætlunina sem miðar að sveigjanlegri þjónustutilboðum við upphaf fullorðinsára fatlaðra ungmenna sem hafa þörf fyrir þjónustu allan sólarhringinn. Jafnframt er óskað eftir því að verkefnið verði árangursmetið með tilliti til líðan ungmenna og foreldra.“

### Greinargerð:

Í aðgerðaáætlun með stefnu Reykjavíkurborgar um þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum fyrir árin 2013-2023 er gert ráð fyrir að unnið verði að verkefni varðandi sveigjanleika, sbr. lið nr. 4 á árunum 2018-2020 en nú er hins vegar ljóst að unnt er að virkja þennan lið fyrr en áætlað var.

Með því að fara þessa leið væri hægt að léttu álagi af foreldrum ungmenna sem þurfa mikla þjónustu án þess að þau þurfi að flytjast af heimili sínu meðan tilraunaverkefnið stæði yfir. Með því móti væri hægt að aðlaga bæði foreldra og ungmenni að sólarhringsþjónustu. Það er oft stórt skref fyrir foreldra og barn þegar barnið flytur að heiman og því er stefnt að því að geta boðið ungmennunum að búa heima hjá foreldrum sínum aðeins fram á fullorðinsár.

Fjöldi þáttakenda verður að ákvarðast út frá því fjármagni sem veitt verður til tilraunaverkefnisins. Auglýst verður eftir þáttakendum þannig að allir sem uppfylla ákveðin skilyrði munu eiga þess kost að leggja fram umsókn um þátt töku.

Skilyrðin sem um ræðir eru m.a. þau að einstaklingarnir séu á aldrinum 17-22 ja ára þegar sótt er um þátt töku í tilraunaverkefninu, búi í foreldrahúsum, hafi þörf fyrir sólarhringsþjónustu og eigi gilda umsókn um sértækt húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk. Settur yrði á fót sérstakur starfshópur sem væri falið það verkefni að fara yfir umsóknir, meta þær og velja þáttakendur í verkefnið.

Þá er lagt til að samþykkt verði meðfylgjandi drög að reglum um tilraunaverkefnið. Um er að ræða þriggja ára gildistíma reglnanna og munu verða gerðir tímabundnir samningar innan ramma reglnanna.

Deild gæða og rannsókna mun gera mat á tilraunaverkefninu við upphaf þess og lok þar sem m.a. verða skoðaðar einstaklingsáætlunar og markmið þeirra, lífsgæðaspurningalisti mun lagður fyrir barn og foreldra og þá verður metið í lok tímabilis hvað af markmiðum þjónustunnar hefur verið náð út frá þáttum í einstaklingsáætlun sem varða líðan foreldra og barns, ánægju með þjónustu og annað sem talið er að máli skiptir.

### Kostnaðarmat skrifstofu fjármála og rekstrar:

Að mati fjármálaskrifstofu velferðarsviðs gæti sólarhringssamningur kostað 32,8 m. kr. á ári og er þá miðað við sambærilega fjárhæð og sólarhringssamningur um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) kostar á ári. Eigi er unnt að áætla hvaða kostnaður vegna þjónustu myndi falla niður á móti þar sem val

á þáttakendum liggur ekki fyrir og þar af leiðandi hvaða þjónustu þeir njóta í dag. Gert er ráð fyrir að sú stuðnings- og heimaþjónusta ásamt skammtímavistun sem þáttakendur njóta í dag myndi heyra undir þá þjónustu sem fellur niður við þáttöku í tilraunaverkefninu.

Samkvæmt þeim gögnum sem velferðarsvið hefur undir höndum eru nú á biðlista eftir búsetu í flokki III, 14 einstaklingar sem uppfylla þau skilyrði sem eru sett fram í reglunum.

Ekki er heldur hægt að fullyrða um hvort eða hversu margir einstaklingar með sólarhringsþjónustubörf gætu bæst við hópinn og eiga ekki nú þegar virka umsókn um sértækt húsnæðisúrræði en myndu vilja sækja um slíkt úrræði. Það er því erfitt að áætla þann fjölda sem myndi sækja um að taka þátt í tilraunaverkefninu. Áætlað fjármagn til verkefnisins nemur 200 m. kr. á ári. Fjárveiting til sviðsins mun byggja á grunni þess aukakostnaðar sem til fellur vegna þjónustu í hverju tilviki fyrir sig. Sviðsstjóri mun skipa starfshóp sem mun velja þáttakendur í verkefnið auk þess sem auglýst verður eftir þáttakendum.

## Drög að reglum:

Drög að reglum fyrir tilraunaverkefnið eru í fylgiskjali með tillögunni.

Reglurnar taka til útfærslu á þjónustu sem Reykjavíkurborg veitir fötluðu fólk samkvæmt lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks, reglum um félagslega heimaþjónustu í Reykjavík og reglum um stuðningsþjónustu í Reykjavík.

Grundvallarskilyrði fyrir gerð og gildistöku samnings er að veiting þjónustu sem notandi á rétt á samkvæmt 22.-25. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 (skammtímavistun, sumardvöl, liðveisla og frekari liðveisla) og VII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991(félagsleg heimaþjónusta) falli niður af hálfu Reykjavíkurborgar, enda fær notandi í staðinn greidda ákveðna fjárhæð samkvæmt samningi sem hann ráðstafar sjálfur til kaupa á metinni þjónustu. Útfærsla þjónustu í formi tilraunaverkefnisins er ávallt háð fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar hverju sinni.

Eftirfarandi þjónustubættir falla ekki niður við þáttöku í tilraunaverkefninu:

- Þátttaka í starfi þjónustustofnana sem upp eru taldar í 1. til 3. tl. 2. mgr. 9. gr. laga um málefni fatlaðs fólk nr. 59/1992 (hæfingar og endurhæfingarstöðvar, dagvistarstofnanir fyrir fatlað fólk og verndaðir vinnustaðir).
- Ferðaþjónusta, sbr. 35. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992.
- Heimahjúkrun, sbr. lög um heilbrigðispjónustu nr. 40/2007.

Aðstoð í skóla og við atvinnuþáttöku á almennum vinnumarkaði fellur ekki undir gildissvið reglna þessara.

Til þess að notandi eigi rétt á þjónustu samkvæmt reglum þessum verður hann að uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

- Notandi skal eiga lögheimili í Reykjavík.
- Notandi skal vera á aldrinum 17 til 22 ára þegar sótt er um þáttöku í tilraunaverkefninu.
- Notandi skal teljast fatlaður einstaklingur í skilningi laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks.
- Notandi skal vera búsettur í foreldrahúsum.
- Notandi skal eiga virka umsókn á biðlista um sértækt húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk og þjónustubörf hans skal vera metin- í flokk III samkvæmt verklagi þar að lútandi, sem felur í sér að umsækjandi hafi verið metinn í þörf fyrir sólarhringsumönnun.

6. Notandi skal vera metinn til hámarksþjónustu samkvæmt reglum um félagslega heimaþjónustu í Reykjavík og reglum um stuðningsþjónustu í Reykjavík.

Sérstakur samningur verður gerður við hvern þátttakanda og miðast upphaf og lok samnings við það tímabil sem tilraunaverkefninu er ætlað að vara. Í reglunum er jafnframt að finna ákvæði um fjárhæðir og meðferð fjármagns auk almennra ákvæða varðandi málsmæðferð.

### Samantekt:

Með því að bjóða upp á tilraunaverkefnið „Sveigjanleiki – frá barni til fullorðins“ sem byggist á lið 4 í aðgerðaáætlun með stefnu Reykjavíkurborgar um þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum 2013-2024, er unnt að koma til móts við þarfir ungmennum og foreldra þeirra um sólarhringsþjónustu og jafnframt að gera viðkomandi ungmennum kleift að aðlagast þeim breytingum sem flutningur úr foreldrahúsum felur í sér. Auglýst verður eftir þátttakendum í verkefnið og mun vinnsla umsókna og samningar sem gerðir verða byggjast á reglum um tilraunaverkefnið, sem meðfylgjandi eru í drögum.

Gert er ráð fyrir að kostnaður við hvern þátttakanda í tilraunaverkefninu geti numið allt að 32,8 m. kr. á ári og myndi fjöldi þátttakenda ráðast af því fjármagni sem veitt verður til verkefnisins. Eigi er unnt að leggja fast mat á þann fjöldu sem hugsanlega myndi sækja um að taka þátt í verkefninu. Lagt er til að a.m.k. sex þátttakendum verði boðin þátttaka til þriggja ára en það myndi fela í sér heildarkostnað sem nemur 600 m.kr. á þriggja ára gildistíma tilraunaverkefnisins eða 200 m.kr. á ári. Fjárveiting til sviðsins mun byggja á grunni þess aukakostnaðar sem til fellur vegna þjónustu í hverju tilviki fyrir sig.

Á tilraunatímabilinu mun verða lagt mat á hvort og hvernig þjónusta hefur haft áhrif á líðan og lífsgæði þátttakenda og hvaða þættir í þjónustunni hafa áhrif til aukinna lífsgæða að mati þátttakenda. Gerð verður könnun í upphafi verkefnisins sem síðan verður endurtekin á tímabilinu.

Drög að reglum fyrir tilraunaverkefnið eru í fylgiskjali með tillögunni.



Drög lögð fram á fundi velferðarráðs 2. febrúar 2017

## Reglur um tilraunarverkefnið Sveigjanleiki í þjónustu: „Frá barni til fullorðins“

### I. kafli.

#### Almenn ákvæði

##### 1. gr.

###### Grundvöllur og markmið tilraunarverkefnisins

Reglur þessar taka til útfærslu á þjónustu sem Reykjavíkurborg veitir fötluðu fólk samkvæmt lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks, reglum um félagslega heimaþjónustu í Reykjavík og reglum um stuðningsþjónustu í Reykjavík.

Í aðgerðaáætlun með stefnu Reykjavíkurborgar um þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum 2013-2023 er liður nr. 4 - sveigjanleiki. Þar er gert ráð fyrir að skoðaðir verði möguleikar á auknum sveigjanleika í þjónustutilboðum við upphaf fullorðinsára fatlaðra barna sem hafa þörf fyrir þjónustu allan sólarhringinn. Með tilraunarverkefninu er stefnt að því að léttá álagi af foreldrum umönnunarþungra ungmenna án þess að þau þurfi að flytjast af heimili sínu meðan verkefnið er í gangi. Með því móti væri hægt að aðlaga bæði foreldra og ungmenni að sólarhringsþjónustu en það er oft stórt skref fyrir foreldra og barn þegar flutt er að heiman og því vilji velferðarsviðs að geta boðið ungmennunum að búa heima hjá foreldrum sínum aðeins fram í fullorðinsár.

Fjöldi samninga sem gerðir verða á tilraunatímabilinu miðast við það fjárframlag sem borgarráð hefur samþykkt til verkefnisins og mun rúmast innan þess.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar gerir samninga um tilraunarverkefnið við fatlað fólk og forsjáraðila fatlaðra barna sem eiga lögheimili í Reykjavík.

## II. kafli.

### Skilyrði fyrir því að eiga rétt á þáttöku í tilraunarverkefninu

#### 2. gr.

##### Umsókn og fylgigögn

Umsókn um þáttöku í tilraunarverkefninu skal vera skrifleg á sérstöku eyðublaði og lögð fram á þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar. Notandi getur veitt öðrum aðila skriflegt umboð til þess að sækja um þáttöku í verkefninu fyrir sína hönd.

Með umsókn skal leggja fram eftirfarandi gögn eftir því sem við á:

- a) Örorkumat, sjúkdómsgreiningu/fötlunargreiningu, umönnunarmat, mat á stuðningsþörf eða SIS-mat, sé það til staðar.
- b) Yfirlit tollstjóra yfir greiðslustöðu opinberra gjalda.
- c) Upplýsingar úr vanskilaskrá

#### 3. gr.

##### Skilyrði fyrir þáttöku í tilraunarverkefninu

Grundvallarskilyrði fyrir gerð og gildistöku samnings er að veiting þjónustu sem notandi á rétt á samkvæmt ~~22.-25.gr. 22. gr. og 24.- 25. gr.~~ laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992, með síðari breytingum (**skammtíma**listun, **liðveisla og frekari liðveisla**) og samkvæmt VII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, (**félagsleg heimaþjónusta**) falli niður af hálfu Reykjavíkurborgar, enda fær notandi í staðinn greidda ákveðna fjárhæð samkvæmt samningi sem hann ráðstafar sjálfur til kaupa á metinni þjónustu. Útfærsla þjónustu í formi tilraunarverkefnisins er ávallt háð fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar hverju sinni.

Eftirfarandi þjónustuhættir falla ekki niður við þáttöku í tilraunarverkefninu:

- a) Þátttaka í starfi þjónustustofnana sem upp eru taldar í 1. til 3. tl. 2. mgr. 9. gr. laga um málefni fatlaðs fólk nr. 59/1992 (hæfingar og endurhæfingarstöðvar, dagvistarstofnanir fyrir fatlað fólk og verndaðir vinnustaðir).
- b) Ferðaþjónusta, sbr. 35. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992.
- c) Heimahjúkrun, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007.

Aðstoð í skóla og við atvinnuþáttöku á almennum vinnumarkaði fellur ekki undir gildissvið reglna þessara.

Til þess að notandi eigi rétt á þjónustu samkvæmt reglum þessum verður hann að uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

1. Notandi skal eiga lögheimili í Reykjavík.
2. Notandi skal vera á aldrinum 17 til 22 ára þegar umsókn er lögð fram.
3. Notandi skal teljast fatlaður einstaklingur í skilningi laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks.

4. Notandi skal vera búsettur í foreldrahúsum.
5. Notandi skal eiga gilda umsókn um sértækt húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk og þjónustuþörf hans vera metin í flokk III samkvæmt verklagi þar að lútandi, sem felur í sér að umsækjandi hafi verið metinn í þörf fyrir sólarhringsumönnun.
6. Notandi skal vera metinn til hámarksþjónustu samkvæmt reglum um félagslega heimaþjónustu í Reykjavík og reglum um stuðningsþjónustu í Reykjavík.

Velferðarsviði Reykjavíkurborgar er heimilt að líta til þess hvort notandi eða foreldrar/forsjáraðilar fatlaðs barns séu á vanskilaskrá við afgreiðslu umsóknar.

#### 4. gr.

##### **Auglýsing á verkefninu. Val á þátttakendum**

Birta skal auglýsingi í dagblöðum og á vefsíðu Reykjavíkurborgar um verkefnið þar sem auglýst verður eftir þátttakendum.

Skipaður verður starfshópur sem velur úr þeim umsóknum sem berast. Við val á þátttakendum skal m.a. horft til mismunandi þjónustuþarf, húsnæðisaðstöðu og virkni umsækjanda. Jafnframt skal taka mið af þeim aðstæðum sem valda því að mikilvægt sé að viðkomandi einstaklingur sé í mikilli nánd við foreldra sína.

#### 5. gr.

##### **Greiðslur vegna samnings**

Greiðslur frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar til notanda hefjast við gildistöku samnings. Greiðslur skal greiða fyrir fram fyrir einn mánuð í senn.

Notandi greiðir kostnað sem fellur til vegna samningsins auk þess sem hann skal taka á sig þær skyldur sem uppfylla þarf varðandi umsýslu hans. Óheimilt er að reikna umsýslukostnað inn í samningsfjárhæðina. Til umsýslukostnaðar telst sá kostnaður sem fellur til vegna umsýslu í tengslum við samninginn.

#### 6. gr.

##### **Fjárhæðir og meðferð fjármagns**

Greidd fjárhæð vegna hverrar klukkustundar í metinni þjónustu er reiknuð samkvæmt kostnaðarforsendum skrifstofu velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.

Notandi ber ábyrgð á að ráðstafa fjármagni samkvæmt samningi í samræmi við mat á þjónustuþörf. Notandi skal leggja fram öll nauðsynleg gögn til velferðarsviðs Reykjavíkurborgar þar að lútandi, sbr. 11. gr. í reglum þessum.

Notanda er skylt að ráðstafa hverri mánaðargreiðslu í þeim mánuði sem hún er greidd. Notanda er þó heimilt að færa til greiðslur vegna vinnustunda milli mánaða innan almanaksársins til þess að mæta breytilegum þjónustuþörfum. Ef uppsafnaðar greiðslur vegna vinnustunda nema allt að einni mánaðargreiðslu samkvæmt samningi skal velferðarsvið Reykjavíkurborgar óska eftir viðhlítandi skýringum á slíkri uppsöfnun. Ef fullnægjandi

skýringar verða ekki veittar af hálfu notanda er velferðarsviði Reykjavíkurborgar heimilt að endurkrefja notanda um fjárhæðina. Notanda er skylt að skila afgangsfjármagni til velferðarsviðs Reykjavíkurborgar í lok hvers almanaksárs. Heimilt er að lækka greiðslur næstu mánaða sem nemur þeirri fjárhæð sem notandi verður endurkrafinn um.

Skil á fé og gögnum til velferðarsviðs Reykjavíkurborgar er forsenda fyrir því að til endurnýjunar samnings geti komið.

Velferðarsviði Reykjavíkurborgar er heimilt að stöðva greiðslur tímabundið þegar notandi er ekki fær um að nýta þá þjónustu sem fjármagn er ætlað til. Í þeim tilvikum þarf þó að taka tillit til skuldbindinga sem notandi kann þegar að hafa stofnað til í tengslum við þjónustuna.

### **III. kafli.**

#### **Framkvæmd samninga**

##### **7. gr.**

##### **Form og gerð samnings**

Notast ber við staðlað samningsform.

Ef notandi er ólögráða gerir lögráðamaður/foreldri/forsjáraðili hans samning við velferðarsvið Reykjavíkurborgar fyrir hans hönd. Skal sá aðili annast alla umsýslu fyrir hönd notanda.

##### **8. gr.**

##### **Aðstoðarfólk**

Notandi skal annast leit, ráðningu og umsýslu vegna aðstoðarfólks.

Við val á aðstoðarmanni skal liggja fyrir samþykki notanda.

Að jafnaði er notanda eigi heimilt að velja sér aðstoðarmann sem er maki, sambýlismaður/sambýliskona eða náinn ættingi, sem heldur heimili með notanda. Í undantekningartilvikum er velferðarsviði Reykjavíkurborgar heimilt að leyfa slíkt fyrirkomulag að sannanlegrí ósk notanda en þá skal kveðið á um aukið eftirlit af hálfu velferðarsviðs í samningi. Þó er heimilt að víkja frá þessu ákvæði þegar um fötluð börn er að ræða. Í slíkum tilvikum skal þó tryggt að tekið sé tillit til skoðana barns í samræmi við aldur þess og þroska.

Notandi skal gera samning við aðstoðarfólk sitt þar sem m.a. er kveðið á um réttindi og skyldur aðstoðarfólks, kjör, umfang vinnu, vinnufyrirkomulag og uppsagnarfrest.

##### **9. gr.**

##### **Skilyrði fyrir ráðningu aðstoðarfólks**

Aðstoðarfólk skal skila inn sakavottorði að beiðni notanda.

Notanda er óheimilt að ráða aðstoðarfólks til þess að sinna þjónustu við sig ef viðkomandi hefur hlotið refsidóma vegna brota á ákvæðum XXII. og XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Hafi viðkomandi verið dæmdur til refsingar fyrir brot á öðrum ákvæðum almennra hegningarlaga eða laga um ávana- og fíkniefni skal ráðgjafi í samráði við notanda meta áhrif þess á hæfni viðkomandi til að gegna því starfi sem um ræðir, m.a. að teknu tilliti til eðlis starfsins og alvarleika brotsins.

#### **10. gr.**

##### **Eftirlit með samningum og upplýsingaskylda**

Stöðumat skal fara fram innan tólf vikna frá upphafi gildistíma samningsins þar sem kannað er hvernig samningurinn nýtist notanda og hversu vel markmið samnings hafa náðst. Starfsmaður velferðarsviðs Reykjavíkurborgar annast matið og skal það gert í samvinnu við notanda.

Notandi skal skila velferðarsviði Reykjavíkurborgar skýrslu eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti um fjölda vinnustunda samkvæmt samningi sem hann hefur notað. Þá skal notandi leggja fram öll nauðsynleg gögn þar að lútandi, s.s. samninga við aðstoðarfólk, afrit greiddra reikninga og önnur gögn sem máli kunna að skipta í samræmi við beiðni starfsmanns velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.

Eftir hvert almanaksár er notanda skylt að veita velferðarsviði Reykjavíkurborgar upplýsingar um samninga, tímaskrár og vinnuáætlanir sem tengjast samningi notanda. Nota ber staðlað yfirlitsblað yfir nýtingu fjármagns og framkvæmd þjónustu. Auk þess ber notanda að leggja fram reikninga og staðfestingu á greiðslu til aðstoðarfólks. Notandi skal einnig afhenda öll gögn sem kveðið er á um í 2. mgr. þessa ákvæðis auk skattframtals sé óskað eftir því. Þá er velferðarsviði Reykjavíkurborgar heimilt að kalla eftir fyrrgreindum upplýsingum oftar ef þörf er á.

Notandi skal tilkynna velferðarsviði Reykjavíkurborgar tímanlega um þær breytingar á högum sínum sem geta haft áhrif á framkvæmd samningsins, þar á meðal um tímabundna dvöl annars staðar en á lögheimili sem og um flutning lögheimilis.

Breytingar á aðstæðum notanda sem áhrif hafa á þarfir hans fyrir stuðning geta leitt til endurmats á þjónustubörf samkvæmt samningi.

Umsýsla vegna samninga skal fara í öllu að gildandi lögum, reglugerðum, opinberum fyrirmælum sem við eiga sem og almennum reglum vinnuréttar eftir því sem við á.

## **IV. kafli**

### **Lok samnings. Vanefndir og uppsögn**

#### **11. gr.**

##### **Gildistími samnings**

Samningur verður gerður um tilraunarverkefnið og skal samningstímabilið vera innan ramma þess tíma sem tilraunarverkefninu er ætlað að standa.

#### **12. gr.**

##### **Lok samnings**

~~Verði notanda boðið Piggi notandi boð um sértækt húsnæðisúrræði á gildistíma samnings samkvæmt reglum þessum fellur samningurinn úr gildi við flutning í sértækt húsnæðisúrræði. Hafni notandi boði um sértækt húsnæðisúrræði fellur samningurinn úr gildi þremur mánuðum eftir að ákvörðun um úthlutun var tilkynnt notanda.~~

#### **13. gr**

##### **Uppsögn samnings**

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur samningsaðila er einn mánuður og skal tilkynna gagnaðila um uppsögn með skriflegum hætti svo unnt sé að skipuleggja þjónustu við notanda frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar.

#### **14. gr.**

##### **Vanefndir og riftun samnings**

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar getur krafist þess að notandi bæti úr vanefndum á samningi á eigin kostnað.

Meinta vanefnd ber þó ávallt að tilkynna til gagnaðila með sannanlegum hætti og gefa honum kost á að gefa skýringar eða bæta úr innan hæfilegs frests.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar skal setja hæfilegan tímafrest fyrir því hvernig staðið skuli að úrbótum vanefnda. Séu úrbætur ekki gerðar innan þess tíma sem velferðarsvið Reykjavíkurborgar tilgreinir, getur það krafist þess að notandi greiði þann kostnað sem af hlýst til að koma að nauðsynlegum úrbótum.

Verði uppi ágreiningur milli velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og notanda skal leitast við að jafna þann ágreining.

Ef um verulegar vanefndir er að ræða geta aðilar rift samningi fyrirvaralaust.

#### **15. gr.**

##### **Viðbrögð vegna riftunar**

Í þeim tilvikum sem samningi er rift stöðvast greiðslur frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar til notanda þegar í stað.

Velferðarsviði Reykjavíkurborgar er heimilt að krefja notanda um endurgreiðslu fjár, í heild eða að hluta, sem honum hefur verið úthlutað samkvæmt samningnum ef sýnt er fram á að eithvert eftirtalinna tilvika eigi við:

- a) Féð hefur að hluta til eða í heild ekki verið nýtt til að koma til móts við skilgreindar þarfir notanda fyrir stuðning samkvæmt áætlun.
- b) Ákvæðum samningsins hefur ekki verið fylgt.

Í þeim tilvikum sem samningi er rift ber velferðarsviði Reykjavíkurborgar að tryggja að ekki verði rof á þjónustu við notanda og að lok samnings valdi notanda eins lítill röskun og óþægindum og mögulegt er.

## **V. kafli.**

### **Málsmeðferðarreglur**

#### **16. gr.**

##### **Könnun á aðstæðum**

Kanna skal aðstæður notanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn hefur borist.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar skal taka ákvörðun í máli svo fljótt sem unnt er og tryggja að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

#### **17. gr.**

##### **Samvinna við notanda**

Við meðferð umsóknar, öflun gagna og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við notanda eftir því sem unnt er, en að öðrum kosti við aðstoðarmann/aðstoðarmenn/umboðsmann notanda eftir því sem við á.

#### **18. gr.**

##### **Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum**

Málsgögn er varða persónulega hagi notanda skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum notanda eða annarra í starfi sínu er leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi.

Notandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það er í samræmi við lög og stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

#### **19. gr.**

##### **Leiðbeiningar til notanda**

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður velferðarsviðs Reykjavíkurborgar bjóða notanda félagslega ráðgjöf og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Þá skal starfsmaður einnig upplýsa notanda um þær skyldur sem kunna að hvíla

á honum vegna samningsins og leiðbeina honum um að leita upplýsinga um það hjá viðeigandi yfirvöldum, s.s. vegna skattskila og upplýsinga til Tryggingastofnunar ríkisins.

## **20. gr.**

### **Rangar eða villandi upplýsingar**

Samningur sem gerður er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hálfu notanda fellur þá þegar úr gildi og getur velferðarsvið Reykjavíkurborgar endurkrafið notanda um þá fjárhæð sem úthlutað hefur verið samkvæmt almennum reglum kröfuréttar. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar skal þó sjá til þess að ekki verði rof á þjónustu.

Ef sannreynt er við vinnslu máls að upplýsingar sem notandi hefur veitt eru rangar eða villandi stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar á meðan notanda er gefið tækifæri á að leiðréttu eða bæta úr annmörkum.

## **21. gr.**

### **Kynning á ákvörðun um veitingu samnings**

Kynna skal niðurstöðu umsóknar um þáttöku í tilraunarverkefninu fyrir notanda með skriflegum hætti svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn um þáttöku í tilraunarverkefninu hafnað getur notandi farið fram á rökstuðning fyrir þeirri ákvörðun.

## **22. gr.**

### **Endurskoðun ákvörðunar. Málskot**

Velferðarráð Reykjavíkurborgar hefur heimild til að veita undanþágu frá reglum þessum ef sérstakar málefnaðar ástæður liggja fyrir og notandi fer fram á það með sérstakri beiðni til velferðarráðs Reykjavíkurborgar innan fjögurra vikna frá því notanda barst vitneskja um ákvörðun.

Notandi getur skotið ákvörðun velferðarráðs Reykjavíkurborgar til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að notanda var kunngerð ákvörðun velferðarráðs Reykjavíkurborgar.

## **23. gr.**

### **Gildistaka**

Í reglum þessum er kveðið á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita, sbr. VII. kafla laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga og X. kafla laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks. Reglur þessar eru settar með stoð í 29. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga og 55. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks. Reglur þessar öðlast gildi þann 1. mars 2017 og gilda til 28. febrúar 2020.